



Sent til aðila sem lögðu inn athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Hval hf. fyrir vinnslu hvalaafurða að Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit vegna mengunarvarna.

11. júlí 2023

**Svör Heilbrigðiseftirlits Vesturlands við athugasemdum sem bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi fyrir Hval hf. fyrir vinnslu hvalaafurða að Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit.**

Drög að endurnýjuðu starfsleyfi fyrir starfsemi Hvals hf. á Litla-Sandi í Hvalfjarðarsveit vegna mengunarvarna var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands föstudaginn 12. maí 2023. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, ber að auglýsa starfsleyfisskilyrði í að minnsta kosti 4 vikur. Í samræmi við það kom fram á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að frestur til athugasemda við tillögu að starfsleyfi Hvals hf. fyrir vinnslu hvalaafurða væri til 9. júní 2023.

Alls bárust 35 athugasemdir við auglýsta tillögu að starfsleyfi Hvals hf. fyrir vinnslu hvalaafurða vegna mengunarvarna. Þar af bárust þrjár athugasemdir eftir að auglýstur frestur til athugasemda var liðinn undir lok. Þær athugasemdir hafa ekki efnislega þýðingu við mat á endurnýjun starfsleyfisins. Allt að einu er þeim athugasemdum þó svarað í eftirfarandi umfjöllun.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem haldinn var í dag var Starfsleyfi Hvals hf. á Litla Sandi samþykkt með áorðnum breytingum til fjögurra ára.

***Efnisinnihald athugasemda***

Af þeim athugasemdum sem bárust vegna auglýstrar tillögu að starfsleyfi fyrir Hval hf. voru flestar efnislega samhljóða, eða 34 af þeim 35 sem bárust. Í nær öllum innsendum athugasemdum er almennt greint frá ríkri andstöðu umsagnaraðila við að hvalveiðar séu yfir höfuð stundaðar. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands áréttar í því sambandi að eftirlitið veitir ekki leyfi til hvalveiða. Það leyfi sem hér er til meðferðar varðar starfsleyfi fyrir vinnslu hvalaafurða vegna mengunarvarna á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. reglugerð nr. 550/2018. Andstaða við hvalveiðar sem slíkar og athugasemdir þar að lútandi hafa því ekki efnisleg áhrif á þá leyfisveitingu sem mál þetta varðar.

Í eftirfarandi umfjöllun er að finna innsendar athugasemdir í vinstri dálki og svör Heilbrigðiseftirlits Vesturlands við viðkomandi athugasemdum í hægri dálki. Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands skera sig efnislega úr öðrum innsendum athugasemdum. Verður því sérstaklega vikið að þeim í upphafi. Þar á eftir verður greint frá öðrum innsendum athugasemdum og þeim svarað eftir því sem við á.

**YFIRLIT YFIR ATHUGASEMDIR RÉTTAR LÖGMANNSSTOFU F.H.  
NÁTTÚRUVERNDARSAMTAKA ÍSLANDS**

Nr.	Inntak athugasemda	Svör Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
	<i>Kaflí III í umsögn – „Veiting starfsleyfis er andstæð lögum“</i>	
1	<p>Í upphafi athugasemda bendir umsagnaraðili á að „[m]eð bréfi dags. 31. maí 2023 krafðist umsagnaraðili þess að Matvælastofnun (hér eftir „MAST“) myndi afturkalla ótímabundið leyfi, sem útgefið var 7. október 2021, til Hvals hf. um starfsemi á sviði vinnslu, skurðar, frystingar og geymslu hvalafurða og suðu á rengi.“ Þá segir að „[I]jkt og fram kemur í drögum að starfsleyfi því sem hér er til skoðunar er slíkt leyfi MAST forsenda starfsleyfis frá HEV.“ Því „telur umsagnaraðili ekki lagaleg skilyrði fyrir hendi til að afgreiða fyrirhugað starfsleyfi HEV fyrr en fyrir liggur hvort MAST fallist á afturköllunina.“</p>	<p>Hvalur hf. hefur í gildi ótímabundið starfsleyfi til vinnslu hvalaafurða frá Matvælastofnun. Öll hlutlæg skilyrði þess að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands veiti starfsleyfi eru uppfyllt. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands getur þar af leiðandi ekki fallist á það með umsagnaraðila að afstaða Matvælastofnunar til kröfu umsagnaraðila um afturköllun starfsleyfis sé forsenda þess að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands geti veitt Hval hf. starfsleyfi til vinnslu hvalaafurða vegna mengunarvarna.</p>
2	<p>„Fyrir liggur að HEV skráði frávík varðandi mengun frá fráveitu félagsins í eftirlitsskýrslu sinni árið 2022 enda sýndu mælingar afar hátt gildi á styrk lífrænna efna sem skv. umsókn Hvals um starfsleyfi var rakin til „losunar soðkjarna frá mjölvinnslunni“. Í sömu umsókn er fullyrt á bls. 16 að til standi að hætta umræddri losun. Því er jafnframt haldið fram að mengunarbúnaður hafi verið uppfærður af hálfu Hvals hf. en umsagnaraðili mótmælir því sem ósönnuðu enda er ekkert í umsókn um starfsleyfi né öðrum gögnum máls sem lýsir umræddum búnaði né bendir til þess að HEV eða önnur eftirlitsstjórnvöld hafi lagt mat á þann meinta búnað og virkni hans.</p> <p>[...]</p> <p>Í umsókninni, sem dagsett er 29. mars 2023, segir orðrétt á bls. 16: „Ofan nefndar tillögur um söfnun á soðkjarna og uppsetningu á nýrri fituskilju eiga að vera komnar til framkvæmda áður en næsta vertíð hefst um miðjan júní 2023“. Er því ljóst að umsókn Hvals hf. byggir á forsendum sem hafa ekki raungerst þegar hún er skrifuð og lögð inn.“</p>	<p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur staðfest að nýr hreinsibúnaður, fastefnaskilja og fituskilja, hefur verið settur upp og tengdur við vinnslustöð Hvals hf. Til upplýsinga var búnaðurinn framleiddur af fyrirtækinu Borgarplast ehf. og er hannaður til að ráða við 19 l/s rennsli sem er nokkuð umfram mælt rennsli sem var 7,7 l/s við mælingu. Fyrirhugað starfsleyfi er samkvæmt framangreindu ekki háð skilyrðum sem ekki hafa verið uppfyllt.</p> <p>Heilbrigðiseftirlitið hefur vitneskju um að Hvalur hf. leitar leiða til að nýta soðkjarnann. Ef ekki finnst leið til að nýta soðkjarnann mun Hvalur hf. hins vegar þurfa að farga honum og verður það þá gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Orðalagsbreytingar hefa verið gerðar á ákvæði 1.1, 1.3.1, 1.1.3, 1.4, 3.2. og 4.1 í drögum að starfsleyfi.</p>
3	<p>„Í fyrrnefndri eftirlitsskýrslu frá 2022 benti HEV jafnframt á tvö frávík er varða reglugerðarbrot að mati HEV. Frávikin varða brotum gegn reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn og reglugerð nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi. Hafa frávikin ekki verið lagfærð þrátt fyrir að Hvalur hf. hafi fengið ár til þess að gera úrbætur. Hefur félagið þó reynt að klóra í bakkann nú í lok maí á fundi með HEV og lofað einhvers konar skoðun á þessum atvikum en þar sem ekki hefur verið bætt úr því sem að mati HEV teljast skýr brot gegn reglugerðum er þegar af þeirri ástæðu er [sic] óheimilt að gefa út starfsleyfi enda uppfyllir starfseminn [sic] ekki þær kröfur sem</p>	<p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands tók sýni af neysluvatni í kjöthúsi Hvals hf. og á rengisplani þann 12. júní 2023 sem sent var rannsóknarstofu MATÍS til greiningar. Niðurstaða rannsóknarinnar liggur fyrir og stóðst neysluvatn allar gæðakröfur skv. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Þá upplýsist að fyrirtækið hefur þegar brugðist við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands með því að reisa varnargirðingu við brunnsvæði vatnsbóls Hvals hf. að Litla – Sandi.</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur veitt Hvali hf. frest til úrbóta á mengunarvörnum við olíutank til 1. júní 2024. Heilbrigðiseftirlitið telur ásætlanlegt að</p>

	gerðar eru til hennar að mati HEV sjálfs. Óljóst er hvort að Hvalur hf. hafi sinnt fráviki vaðrandi [sic] reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp.“	veita lengri frest þar sem lítil áhætta er talin af mengun við áfyllingu á tankinn þar sem um er að ræða stakan húsatank þar sem lagnir og tengi til áfyllingar er fullnægjandi og t.d. ekki unnt að tengja áfyllingu nema á einn hátt. Hvalur upplýst eftirlitið um að fyrirtækið hafi, í samstarfi við verkfræðifyrirtæki, hafið vinnu við að tryggja fullnægjandi mengunarvarnir á svæðinu. Verða úrbæturnar í kjölfarið unnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Heilbrigðiseftirlitið mun hafa eftirlit með því að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þar til varanleg lausn er fundin.
4	„Samkvæmt drögum starfsleyfisins er leyfið jafnframt grundvallað á reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Gegn þeirri reglugerð hefur Hvalur hf. jafnframt gerst brotlegt í vinnslu sinni. Sannarlega á þetta við um síðasta veiðitímabil en ekki voru gerðar mælingar fyrir þrátt fyrir skýlausa kröfu, sbr. 8. gr., 42. gr. og VII. viðauka reglugerðarinnar. Sjá hvað mengun varðar t.d. minnisblað Eflu, dags. 22. mars 2023, sbr. fylgiskjal nr. 2. Er um að ræða viðvarandi brot gegn umræddri reglugerð sem og öðrum lögum er varða mengunarvarnir. Væri stjórnvaldi á borð við HEV ómögulegt að líta framhjá þessum brotum.“	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur fengið upplýsingar um niðurstöður mælinga sem gerðar voru af hálfu Hvals hf. þann 15. september 2022. Liggur ekki annað fyrir að en mælingar hafi farið fram í samræmi við þær kröfur sem gerðar voru af hálfu eftirlitsins.
5	„Fjöldmörg önnur lög og reglugerðir verða brotnar ef fyrirhugað starfsleyfi verður gefið út.“ Í dæmaskyni nefnir umsagnaraðili: <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Lög nr. 93/1995 um matvæli.</b> Vísað er til 1. gr., 8. gr. a. og b., 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 20. gr. laganna til frekari rökstuðnings. Að mati umsagnaraðila liggja fyrir „sterkar sannanir sem sýna að ekki hefur verið farið eftir grundvallarlagagreinum í matvælaöggjöf hvað varðar starfsemi Hvals hf.“ Til frekari stuðnings vísar umsagnaraðili til þess að eftirlitsskýrslur HEV og MAST sýni meðal annars „sýkingar í vatni, sýkingar í kjöti, óhrelnæti í vinnslu, ófullnægjandi starfsferla, ófullnægjandi vatnsvernd, ófullnægjandi mengunarvarnir, ófullnægjandi sýnatöku, ófullnægjandi rannsóknir og ófullnægjandi eftirlitsframkvæmd.</li> <li>• <b>Reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum nr. 489/2009.</b> Vísað er til 1. gr., 12. gr. og 21. gr. reglugerðarinnar til frekari rökstuðnings auk þess sem segir að „í ljósi frávika sem hafa verið skráð hjá Hval hf. megi ætla að einnig ætla að [sic] í útgáfu fyrirhugaðs starfsleyfis gæti einnig falið í sér m.a. brot á 12 grein reglugerðarinnar enda hafa eftirlitsskýrslur og mælingar sýnt frá [sic] á að aðstæður og afhurðir [sic] Hvals hf. hafi verið óhrein, mengaðar</li> </ul>	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur fram í þessu sambandi að Hvalur hf. hefur brugðist við athugasemdum Heilbrigðiseftirlitsins. Hafa skýringar og viðbrögð félagsins talist fullnægjandi hverju sinni og úrbætur verið gerðar á tilgreindum þáttum sem Heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir við. Í því ljósi stendur ekkert í vegi fyrir því að starfsleyfi verði gefið út vegna mengunarvarna. <p>Í þágu skýrleika telur Heilbrigðiseftirlitið rétt að taka fram að eftirlit með matvælaframleiðslu heyrir undir Matvælastofnun, einnig fóðurframleiðsla og framfylgd laga og reglna um velferð dýra. Sjónarmið og reglur þess efnis eru ekki hluti af eftirlitsskyldum Heilbrigðiseftirlitsins og hafa að því leytli ekki efnisleg áhrif á veitingu starfsleyfis vegna mengunarvarna. Þannig er eftirlit og framfylgd laga nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 489/2009, um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum, alfarið í höndum Matvælastofnunar. Heilbrigðiseftirlitið framfylgir enn fremur aðeins þeim hluta tilskipana Evrópusambandsins sem innleidd hafa verið í íslenska löggjöf þar sem Heilbrigðiseftirlitinu hefur beinlínis verið falið ákveðið hlutverk.</p>

	<p>og sýktar.“ Jafnframt „liggur fyrir að félagið er brotlegt við 21. gr. sömu reglugerðar enda hefur ekki öllum hvalaafurðum sem ekki eru nýttar til manneldis eða í dýrafóður verið fargað.“</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Brot gegn ýmsum innleiddum Evrópureglum.</b> Telur umsagnaraðili útgáfu starfsleyfis brjóta „gegn Evrópureglum um velferð dýra og matvælaöryggi, auk loftslagsskuldbindinga sem leiða af EES-rétti“ og vísar til eftirfarandi og nánari umfjöllunar í svari Eftirlitsstofnunar EFTA í máli nr. 90525: Reglugerð nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla; Reglugerð nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli; Reglugerð nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu; Reglugerð nr. 2017/625 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra; Reglugerð nr. 2018/842 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030; Tilskipanir nr. 98/83 og 91/271 og 2000/59/EC.</li> </ul>	
	<i>Kafla IV í umsögn – „Eftirlitshlutverki brugðist“</i>	
6	<p>Umsagnaraðili gerir alvarlegar athugasemdir við framgöngu HEV sem eftirlitsskylds stjórnvalds með starfsemi Hvals hf. Bendir umsagnaraðili sérstaklega á tvö tilvik, annars vegar gagnvart gæðum neysluvatns og hins vegar gagnvart hættu á olíumengun. Gerir umsagnaraðili athugasemdir við að í umsókn félagsins um starfsleyfi, dags. 29. mars 2023 komi ekkert fram um að félagið hafi eða ætli að bregðast við athugasemdunum. Umsagnaraðili tiltekur að frestur hafi verið veittur til að gera fullnægjandi ráðstafanir við olíutank til 1. júní 2024 og að frestur hafi verið veittur til að setja upp fitugildru til 15. júlí 2023. Hvar Hval hf. hafi ekki verið veittur frestur til að uppfylla frávík gegn reglugerð nr. 884/2017 um neysluvatn telur umsagnaraðili útgáfu starfsleyfis í andstöðu við reglugerðina.</p>	<p>Hvalur hf. hefur þegar brugðist við nefndum frávikum í kjölfar athugasemda af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins. Reist hefur verið varnargirðing við brunnsvæði vatnsbóls Hvals á Litla-Sandi. Þá hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands veitt Hval hf. frest til úrbóta á aðstöðu við olíutank til 1. júní 2024. Hefur Hvalur í samstarfi við verkfræðifyrirtæki hafið vinnu við að tryggja fullnægjandi mengunarvarnir á svæðinu, í samráði við Heilbrigðiseftirlitið.</p> <p>Hvali hf. var veittur frestur til að setja upp fitugildru, vegna starfsemi fyrirtækisins að Mið-Sandi, til 15. júlí 2023 og er því lokið. Áréttað er að starfsemin á Mið-Sandi starfar á grundvelli annars starfsleyfis en því sem hér er til meðferðar.</p>
7	<p>Umsagnaraðili tiltekur „[s]em dæmi um fyrri óásættanlegt frávík sem leiða má líkur að því að stafi af ófullnægjandi hollustuvörnum er bent á bls. 4 í fylgiskjali nr. 9 sem er skoðunarskýrsla MAST frá 17. ágúst 2018 sem er næstsíðasta vertíð sem Hvalur hf. stundaði vinnslu á hvalkjöti. Í skýrslunni segir: „1. Rannsóknir á sýnum af kjöti ábótavant. Of fá sýni hafa verið tekin. 2. Engin viðbrögð voru né var frávíkaskýrsla [sic]</p>	<p>Matvælastofnun er sjálfstætt stjórnvald sem kemur ekki að vinnu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands við útgáfu starfsleyfis vegna mengunarvarna. Eftirlit með matvælaframleiðslu heyrir undir Matvælastofnun, einnig fóðurframleiðsla og framfylgd laga og reglna um velferð dýra. Sjónarmið og reglur þess efnis eru ekki hluti af eftirlitsskyldum Heilbrigðiseftirlitsins og hafa að því leyti ekki</p>

	gerð þegar líftala í kjöti fór yfir mörk í einu kjötsýni.“ Ljóst er að starfsemi sem fer fram með slíkum hætti verður að sæta merkingabæru eftirliti og á það við um hollustuvarnahlutann rétt eins og matvælaframleiðsluhlutann.“	efnisleg áhrif á veitingu starfsleyfis vegna mengunarvarna.
	<i>Kafla V í umsögn – „Brot gegn fyrra starfsleyfi“</i>	
8	Í athugasemdum segir að árið 2022 hafi félagið starfað á grundvelli árslangrar framlengingar á fyrra starfsleyfi sem var útgefið til 12 ára, frá 12. júlí 2010. Telur umsagnaraðili nú liggja fyrir „að skilyrði í því starfsleyfi voru ekki uppfyllt af hálfu félagsins“. Telur umsagnaraðili Hval hafa brotið gegn neðangreindum skilyrðum (næstu dálkar á eftir í liðum A. til H.). Þá vísar umsagnaraðili til greinar Sigurðar Arnar Hilmarssonar, lögmanns, sem birtist í Úlfjótí árið 2019, „um margþætt brot félagsins gegn lögum og starfsleyfi“.	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands leitast við að svara hverjum staflið fyrir sig í eftirfarandi umfjöllun.
9	A-liður: „Mengun í frárennsli frá vinnslustöðinni var yfir leyfilegum mörkum. Í minnisblaði frá EFLU dags. 22. mars 2023 sést að gildi þau er lagt var mat á voru með öllu óásættanleg. Í 1.1. grein starfsleyfisins segir að endurskoða skyldi leyfið ef „fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hætta sem ekki var áður ljós“.  [...]  Umsagnaraðili bað sérfræðinga um mat á umræddum mengunargildum sem fram komu í fráveitu félagsins. Í svörum eins segir: „Þau gildi sem koma fram í mælingum Páls (P, N, COD og BOD o.fl.) eru mjög há. Það er vitað að fitugildra var heimagerð og algerlega ófullnægjandi, auk þess sem fyrirtækið hefur losað sig við lífræn efni (s.k. soðköku) í niðurfallið.“ (sjá fylgiskjal 11). Niðurstöðurnar eru þannig í andstöðu við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit sem var í gildi í síðust tvö veiðitímabil félagsins. Í 58. gr. reglugerðarinnar segir „Komi fram frávik skal eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um úrbætur sem eftirlitsaðilinn telur nauðsynlegar og fullnægjandi.“ Ekki liggur fyrir að HEV hafi framkvæmd [sic] sjálfstætt mat um það að settur hafi verið upp mengunarvarnabúnaður sem teljist „nauðsynlegur og fullnægjandi“ heldur virðist á því byggt að allt sem fram komi í umsókn Hvals hf. um starfsleyfi sé rétt, án staðfestingar eða eftirlitsheimsóknar HEV. Geta slíkar ályktanir ekki staðist lög og eftirlitsskyldur HEV, að mati umbj. míns.“	Heilbrigðiseftirlitið hefur staðfest að settur hefur verið upp nýr og fullnægjandi hreinsibúnaður sem tryggir betri hreinsun en áður. Hafa fullnægjandi úrbætur farið fram að því leyti. Nánari lýsingu á hreinsibúnaði má sjá í svari að framan í dálki nr. 2.  Ríkar kröfur eru gerðar til vöktunar í viðtaka með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er tekið tillit til þess í drögum að nýju starfsleyfi. Framkvæmd verður umhverfisvöktun á vatnshlotinu sem losað er í.  Hár mældur styrkur lífrænna efna hefur verið rakinn til losunar á soðkjarna í frárennsli. Um meðferð soðkjarna vísast til svara í dálki 2.
10	B-liður: „Leiðir þessi niðurstaða um mengunarbrot til næsta brots á skilyrðum starfsleyfisins sem finna má í grein 2.1. og fellst í að ávallt skuli „beita bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir fyrir reksturinn eftir því sem hún verður tiltæk, með eðlilegum aðlögunartíma fyrir fyrirtækið. Besta fánlega tækni við	Heilbrigðiseftirlitið telur nýjan hreinsibúnað, samanber svar í dálki nr. 2, uppfylla öll skilyrði um að vera besta fánlega tækni (BAT) eins og þeirri tækni er lýst í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

	<p>mengunarvarnir er sú tækni sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs.“ HEV hefur ekki upplýst um hvernig heimatilbúin fitugildra standist kröfur sem BAT í mengunarvörnum gera kröfu um, m.a. með hliðsjón af Evrópureglum.“</p>	
11	<p>C-liður: „Fyrirtækið hefur einnig brotið ítrekað gegn grein 2.8. í starfsleyfinu sem segir „Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.“ Fyrir liggur að soðvatn og soðkaka voruð [sic] losuð í hafið af fyrirtækinu. Hefur því verið borið við af hálfu HEV að þetta hafi grundvallast á því að MAST hafi ekki viljað veita heimild til nýtingar á umræddri aukaafurð. Hins vegar kannast MAST ekki við að sótt hafi verið um slíkt nýtingarleyfi.</p> <p>Það að HEV hafi haft vitneskju um að verið væri að losa soðkökuna í hafið með tilheyrandi mengun og gegn skýrt orðuðu skilyrði starfsleyfisins er afar alvarlegt, enda sýna ljósmyndir umfangsmikla mengun frá vinnslustöðunni í Hvalfirði. Þannig sagði sérfræðingur sem Réttur snéri sér til vegna greininga á niðurstöðunum: „Mæld gildi í frárennslinu eru býsna há, bæði að meðaltali og hámark. Mér finnst meðaltölin yfir sólarhring vera svona 3-4 sinnum hærri en hefðbundið teldist viðunandi. En það er Heilbrigðiseftirlitsins að meta hvort þetta sé ásættanlegt.“ (Sjá fylgiskjal nr. 12) Er þeirri spurningu hér með formlega beint til HEV og skorað á stjórnvaldið að gera vel unna úttekt á þeim mengunarbúnaði sem til stendur að nota á næsta veiðitímabili áður en nokkuð leyfi er út gefið.</p> <p>Vísast hvað þetta varðar í svar Ástu Margrétar Ásmundsdóttur, aðjúnks við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri: „Mér sýnist hins vegar að fyrirtækið hafi ekki heldur uppfyllt skilyrði í 2.11 og 2.17 hvað varðar lífrænan úrgang og fituskiljun. Fyrirtækið hefur losað sig við hluta af s.k. soðköku í gegn um [sic] frárennsli og fituskiljun hefur ekki verið fullnægjandi. Sýnin sem tekin voru af Eflu sýna töluverða mengun, COD, P, N, fita o.s.frv. Spurning hversu lengi þetta ástand hefur varað og hvort hægt sé að fá niðurstöður lögbundinna mengunarmælinga aftur í tímann og hvort þær hafi yfir höfuð verið framkvæmdar. Einnig vekur þetta upp spurningar um hvort besta fánlega tækni hefur verið notuð við mengunarvarnir þessi s.l. 12 ár (liður 2.1)“ (fylgiskjal 13).“</p>	<p>Um framangreint vísast til svara Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dalkum nr. 2 og 9 að framan.</p> <p>Heilbrigðiseftirlitið tekur fram að rangt er að tala um soðkjarna sem mengandi efni, svo sem gert er í athugasemdum umsagnaraðila. Um er að ræða lífræn efni sem eru að mestu leyti prótín.</p>
12	<p>D-liður: „Brotið var gegn grein 2.15 í þágildandi starfleyfi [sic] sem segir: „Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt gildandi reglum hverju sinni.“ Fyrir liggur að HEV skráði frávik vegna frágangs á olíutanki sem brýtur gegn reglugerð og hefur félaginu nú verið veittur frestur til júní 2024 til</p>	<p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur veitt Hval hf. frest til úrbóta á mengunarvörnum við olíutank til 1. júní 2024, samanber svar heilbrigðiseftirlitsins í dalki nr. 3. Hvalur hf. hefur þó upplýst að þessi búnaður verði settur upp í sumar.</p>

	viðbótar við jafnlangan frest til að koma þessu í lag, sem er fráleitt m.v. að þetta var skýr krafa í starfleyfi [sic] félagsins síðustu 13 ár. Ber hér að áréttu að aðgerðaleysisbrot eru ekki minna alvarleg en önnur brot gegn öryggisreglum umhverfisverndar.“	
13	E-liður: „Þá var einnig brotið gegn grein 2.17 í starfsleyfinu sem segir: „Hirða skal allan lífrænan úrgang sem til fellur við starfsemina, endurvinna hann eða flytja til eyðingar á viðurkenndan urðunarstað.“. Hér vísast sem fyrr til þess skýra brots sem felst í að soðvatni var hleypt í hafið en jafnframt er ljóst að félagið hefur hvorki endurunnið né eytt öllu því mjöli sem fallið hefur til við framleiðsluna undanfarin ár, sjá tölvupóst starfsmanns MAST í fylgiskjali nr. 14.“	Um framangreint vísast til svara Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dálkum nr. 2 og 9 að framan.
14	F-liður: „Umbjóðandi minn telur einnig einsýnt að brotið hafi verið gegn 2.18 grein starfsleyfisins sem segir: „Verði vart neikvæðra áhrifa frá starfseminni í viðtaka s.s. set, útfellingar, þekjur af rotverum, froðu, aðskotahluti, óþægilega lykt, lit eða grugg, þá getur heilbrigðisnefnd gert sértækar kröfur um ráðstafanir til úrbóta.“ Myndir hafa birst ítrekað af mikilli mengun í haffleti Hvalfjarðar án þess að viðhafst hafi verið af hálfu heilbrigðisyfirvalda á svæðinu, sjá dæmi í fylgiskjali 15.“	Ekki hefur orðið vart neikvæðra umhverfisáhrifa á losun undanfarinna ára, líkt og fjörur í kringum starfsstöð Hvals í Hvalfirði sýna og engar kvartanir hafa borist Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þar um. Um er að ræða lífræn efni sem eiga eðlilegan farveg í náttúrunni þar sem þau brotna niður og eru tekin upp af lifverum og gróðri. Hins vegar mun verða dregið úr losun þar sem soðkjarna verður ráðstafað eða fargað í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Vísast nánar um framangreint til svara í dálkum nr. 2 og 9 að framan.
15	G-liður: „Einnig hefur verið brotið gegn ákvæði 2.19 í starfsleyfinu sem segir: „Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði hennar sé gætt fyllsta hreinlætis.“ Vísast hvað þetta varðar til dæmis í eftirlitsskýrslu MAST sem lýsir talsverðu óhreinlæti, sjá fylgiskjal nr. 16.“	Heilbrigðiseftirlitið fer með eftirlit á sínu starfssviði, en þau frávik sem greint er frá í skýrslu Matvælastofnunar, frá skoðunarferð 9. ágúst 2018, hafa ekki þýðingu fyrir útgáfu starfsleyfis Heilbrigðiseftirlitsins.
16	H-liður: „Að lokum skal þess getið að fráleitt er að halda því fram að staðið hafi verið við grein 3.14: „Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í æti hjá fyrirtækinu“. Matvælaframleiðsla sem fer að hluta til fram undir berum himni getur að sjálfsögðu aldrei staðist slíkar kröfur og skyldi í raun stöðva vinnsluleyfi Hvals hf. þegar á þeim forsendum að skilyrði um að skurður hvalsins færi fram innandyra var fellt úr reglugerð um vinnslu kjötsins á sínum tíma. Með þeim hætti varð umrædd reglugerð andstæð markmiðum laga um hollustuvernd og matvæli. Hefðu heilbrigðisyfirvöld í kjölfarið að sjálfsögðu átt að grípa inn í þessa vinnslu með afgerandi hætti. Vísast hér til mynda á fskj. 17 um mávager sem ræðst að hvalhræi sem var til verkunar utandyra.“	Heilbrigðiseftirlitið starfar á grundvelli gildandi laga og reglugerða. Í starfsleyfi Hvals hf. var ekki mælt fyrir um bann við verkun utandyra heldur að þess verði gætt við verkun að meindýr og vargfugl komist ekki í æti. Heilbrigðiseftirlitið áréttar að á á fylgiskjali nr. 17 er ekki að finna myndir af hvólum sem verið er að verka og er ekki unnt að leggja þær fram til grundvallar fullyrðingum umsagnaraðila.  Starfsemi Hvals hf. og verkun hvalaafurða fer fram utandyra í samræmi við fyrirliggjandi leyfi.
	<i>Kafla VI í umsögn – „Brotalimir á drögum að nýju starfsleyfi“</i>	
17	Umsagnaraðili telur „þau drög að starfsleyfi sem fyrir liggja [vera] haldin ýmsum annmörkum. Svo sem fyrr hefur verið rakið er einna alvarlegust sá ógildingarannmarki sem felst í því að frávikum sem fram komu í eftirlitsskýrslu HEV 2022, og er varða skýrum brotum á reglugerðum, hefur ekki verið mætt af hálfu Hvals hf. Þannig er fyrirhugað leyfi þegar í andstöðu við gildandi réttarreglur	Hvalur hf. hefur brugðist við þeim frávikum sem komu fram í eftirlitsskýrslu frá 2022, svo og fengið fresti til úrbóta, samanber svör Heilbrigðiseftirlitsins að framan í dálkum nr. 2 og 3.

	<p>landsins og fyrir vikið ólögmaett að gefa það út. Að gefnu tilefni eftir samskipti við fulltrúa HEV er rétt að áréttta hér að sá réttur felst ekki í jafnræðisreglu stjórnvalda að ef frávik finnist í öðrum tilfellum sé það skylda stjórnvaldsins sem um ræðir að líta í gegnum fingur sér með sams konar frávik alls staðar. Ekki er leyfilegt að byggja órétt eins á órétti annars, heldur skal markmiðið vera að tryggja rétt hvívetna.</p> <p>Þá er hér gerð sú almenna athugasemd að orðalag draga starfsleyfisins sé víða svo opið og matskennt að viðkomandi greinar hafa ekkert efnislegt gildi þegar til kastanna kemur.“ Í umsögn sinni tiltekur umsagnaraðili ýmis atriði er hann telur standa í vegi fyrir útgáfu starfsleyfisins (Sjá næstu dálka í liðum A til I).</p>	
18	<p>A-liður: „Kafli 1.1.- er nánast alfarið samhljóða umsókn Hvals hf. á endurnýjun starfsleyfis sem veltir upp þeirri spurningu hvort of mikið hafi verið byggt á umsókninni við gerð starfsleyfisins á kostnað reglu um skyldubundið efnislegs mats stjórnvalda [sic] í samræmi við meginreglu stjórnsýsluréttarins.“</p>	<p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur eðlilegt að „orðalag og efnisinnihald“ starfsleyfa sé, að töluverðu leyti, í samræmi við starfsleyfisumsóknir rekstraraðila, enda eru leyfi veitt á grundvelli starfsleyfisumsóknar, svo og gildandi laga og reglugerða.</p>
19	<p>B-liður: „Bent er á að grein 1.3.2. um fráveitu frá starfsmannaaðstöðu er einnig í ósamræmi við þá framkvæmd sem nú er viðhöfð ef marka má samskipti á milli HEV og fulltrúa Hvals hf. þar sem veittur var enn einn fresturinn til þess að koma málum í lögmaett horf.“</p>	<p>Frágangur á fráveitu frá salernum á Litla Sandi er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Engin frávik eða athugasemdir eru skráðar vegna þessa.</p>
20	<p>C-liður: „Í grein 1.3.3. er veitt heimild til þess að sleppa soðvatni út í gegnum hreinsibúnað en í fyrra leyfi var það bannað. Þannig gera þessi drög minni kröfur um mengunarvarnir í Hvalfirði en fyrra leyfi, án þess að rökstuðningur fyrir slíkri eftirgjöf liggja fyrir. Þá liggur sem fyrr segir ekki fyrir að heilbrigðisyfirvöld hafi gert nokkurs konar úttekt á mengunarvarnarbúnaði sem Hvalur hefur sett upp frá síðustu vertíð.</p> <p>Er gerð alvarleg athugasemd við eftirfarandi setningu í sama kafla: „Á starfsleyfistímanum skal unnið að ráðstöfun á þessum hluta soðvatnins þannig að hann verði nýttur eins og leyfi fæst til.“ Óhæft er með öllu að hafa slíkar opnar og matskenndar setningar í leyfi enda ljóst að ekki er nokkur leið til að framfylgja eftirliti með umræddri „ráðstöfun“. Er um að ræða sönnun á þeirri miklu og viðvarandi linkind sem HEV sýnir gagnvart umsækjanda starfsleyfis og leyfir umbj. minn sér að fullyrða að ekki sé að finna jafn móttleysislega orðuð ákvæði í starfsleyfum almennt, enda um að ræða afar opinn og óskilgreindan texta í leyfi án nokkurs konar áætlunar eða afleiðinga ef ekki er brugðist við í samræmi við þetta loðna orðalag. Stjórnvaldsfyrirmæli þurfa að samræmast skýrum kröfum laganna sem þær sækja sér stoð í, en erfitt er að sjá hvernig slíkri kröfu er maett hér.“</p>	<p>Um framangreint vísast til svara Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dálkum nr. 2, 9 og 10. Heilbrigðiseftirlitinu bendir á að áherslan í starfsleyfinu er að tryggja að hreinsun sé fullnægjandi.</p> <p>Ef ekki finnst leið til að nýta soðkjarnann þarf að farga honum og mun Heilbrigðiseftirlitið hafa eftirlit með því að það verði gert með löglegum hætti. Tilteknar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar á ákvæðum 1.1, 1.3.1, 1.1.3, 1.4, 3.2. og 4.1 í drögum að starfsleyfi.</p>
21	<p>D- liður: „Í grein 1.3.4. fjallar [sic] um vatnsveitu en í þessari grein er verið að festa í starfsleyfi tilteknar aðstæður sem HEV hefur sjáft bent á að</p>	<p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands tók sýni af neysluvatni í kjöthúsi og á rengisplani þann 12. júní 2023 og sendi til rannsóknarstofu Matis til greiningar.</p>



	<p>séu í andstöðu við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Það verður að teljast fráleitt að setja inn í starfsleyfi ólögmeitt frávík hvað neysluvatn varðar og heimila það þannig þvert á betri vitund stjórnvaldsins sem um ræðir. Er þessari grein mótmælt sérstaklega harðlega af hálfu umb. míns og aftur vísað til þess að stjórnvaldsfyrirmæli þurfi að samræmast lagastoð sinni.</p> <p>Rétt eins og fram hefur komið felst í grein 1.3.5. viðurkenning á fyrirkomulagi sem HEV sjálf hefur úrskurðað að sé í andstöðu við reglugerð þar sem ekki er fjallað um það hvernig skuli komið til móts við frávikið sem skráð var í eftirlitsskýrslunni 2022. Er því um fullkomlega merkingalaust ákvæði að ræða hvað varðar umhverfis- og mengunarvarnir, sem hljóta jú að vera verndarandlög starfsleyfisins.“</p>	<p>Niðurstaða rannsóknarinnar liggur nú fyrir en neysluvatn stóðst gæðakröfur sem eru gerðar skv. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Þá er vísað til þeirra úrbóta sem gerðar hafa verið, sbr. dálkar nr. 3 og 6.</p>
22	<p>E-liður: „Í kafla 2 er fjallað um ábyrgð og segir svo í seinni málsgrein að mögulega verði sett inn frekari skilyrði ef í ljós komi að mengun í fráveitu vatni verði of mikil, líkt og verið hefur raunin m.v. fyrrgreint minni blað [sic] EFLU sem sýndi margfalt meiri gildi af mengandi efnum í fráveitu en heimilt er. Verður hér að gera alvarlega athugasemd við það að HEV skuli ekki gera betri úttekt á búnaðinum sem um ræðir heldur virðist yfirvaldið renna blint í sjóinn með virkni hans og vona það besta en áskilja sér rétt til þess að gera mögulega „eitthvað“ ef það verður ekki raunin. Er þannig ekki gerð skýr krafa fyrirfram sem fyrirtækið þarf að standast, heldur eftirlitið fært í búning mögulegra athugana í kjölfar mengunar. Markmiðið með starfleyfinu [sic] og lagaákvæðum sem það grundvallast á er að varna mengun. Setningin „jafnframt getur starfsleyfisveitandi dregið úr kröfum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum“ er augljóslega út í hött enda of opin heimild fyrir eftirlitið til að breyta hverju sem er í leyfinu að eigin geðþótta, þ.m.t. lögbundnum skilyrðum. Óskilyrt alhæfing á borð við þessa [sic] ekki heima í neinu leyfi á borð við starfsleyfi. Minnt er á að baki hverri stjórnvaldsákvörðun verður að búa málefnaleg sjónarmið og ákvarðanir sem byggja á geðþótta eru ólögmeitar.“</p>	<p>Um framangreint vísast til svara Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dálkum nr. 2, 9, 10 og 20 að framan. Heilbrigðiseftirlitið telur orðalag greinarinnar eðlilegt í ljósi þess að búið er að setja upp nýjan viðurkenndan búnað. Ákvæðið er í samræmi við endurskoðunarheimild eftirlitsins ef þörf krefur, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Þá getur eftirlitið gert breytingar á ákvæðinu.</p>
23	<p>F-liður: „Í kafla 2.1. er fjallað um BAT sem er í raun hjákátlegt í ljósi þess að ekki hefur verið gerð nokkurs konar sjálfstæð úttekt á búnaði Hvals hf. svo ljóst sé og fyrir liggur að um heimasmiðaðar fitugildir var að ræða sem orsökðu að einhverju leyti þá allt of miklu mengum [sic] sem frá fyrirtækinu kom árið 2022 líklega mun lengur. Er því skorað á HEV að gera raunverulega og ítarlega úttekt á búnaði félagsins og bera hann saman við bestu fánlegu tækni áður en gefið er út starfsleyfi fyrir vinnslu sem hefur augljóslega ekki uppfyllt þessa sjálfsögðu kröfu áður.“</p>	<p>Um framangreint vísast til svara Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dálkum nr. 2 og 10 að framan. Heilbrigðiseftirlitið leggur mat á tillögur að búnaði. Reynist búnaðurinn ekki fullnægjandi hefur eftirlitið þau úrræði til að knýja fram úrbætur sem starfsleyfið og lög heimila.</p>
24	<p>G-liður: „Hvað hreinlæti varðar liggur fyrir í fylgiskjölum (þar með talið skýrslum MAST) að hreinlætis hefur ekki verið gætt í vinnslu Hvals,</p>	<p>Um framangreint vísast til svara Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dálkum nr. 15 og 16.</p>

	sjá fylgiskjal nr. 16. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi er ekki í samræmi við það sem kveðið er á um í kaflanum og einnig er ekki nokkur leið að tryggja að meindýr og varfugl [sic] komist ekki í æti frá hreinsistöðinni á meðan heimilað er að skurðurinn fari fram utandyra. Hér kemur orðalagið „eins og unnt“ er ágætlega upp um þá vissu starfsleyfisveitandans að ómögulegt sé að tryggja það að umrædd meindýr komist ekki að matvinnslunni.“	
25	H-liður: „Í kafla 3.2. er enn og aftur um það lína orðalag að ræða sem einkennir drögin að starfsleyfinu og gerir þau að svo mörgu leyti gagnslaus: „Stefnt skal að nýta allt soðvant [sic] í starfsleyfistímanum í stað þess að leiða það í gegnum hreinsibúnað og í viðtaka sbr. gr. 1.3.3.“ Slíkt orðalag hefur enga merkingu. Spyrja má hvornig leyfi sem til stendur að gefa út 2023 hefur minni kröfur hvað varðar losun soðvatns í vantshlot [sic] en leyfi sem gefið var út 2010?“	Um framangreint vísast til svara Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dálkum nr. 2, 9, 10, 20 og 22 að framan. Í samræmi við fyrri svör eftirlitsins hefur tiltekin orðalagsbreyting verið gerð á ákvæðinu.
26	I-liður: „Í kafla um innra eftirlit nr. 4.1. er sagt að rekstaraðili skuli senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfissvöktun og fleira í síðasta lagi 15. mars hvert ár, en sú tímasetning er afar síðbúin og ljóst að þá verður erfitt að bregðast við þannig að úrbætur náist, sbr. þá stöðu sem nú er komin upp.“	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur framangreint vera í samræmi við það sem viðgengst í dag, hvað varðar umhverfissvöktun.

#### YFIRLIT YFIR AÐRAR ATHUGASEMDIR

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Inntak athugasemda í hnotskurn	Athugasemdir/svör Hvals hf.
1	Elísa Snæbjörnsdóttir	Almennt orðuð mótmæli við hvalveiðum og útgáfu leyfisins.	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur ekki valdheimildir til leyfisveitinga til hvalveiða og hafa athugasemdir þess efnis ekki þýðingu við mat á veitingu starfsleyfis fyrir vinnslu hvalaafurða vegna mengunarvarna. Vísast einnig til svars heilbrigðiseftirlits í dálki nr. 3 í framangreindri töflu.
2	Samtök grænkera á Íslandi	„Samtök grænkera á Íslandi mótmæla því að undanþága verði veitt við leyfi Hvals hf. vegna brota á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það er ljóst að mörgu er ábótavant í verksmiðju Hvals hf. í Hvalfirði. Þannig eru reglugerðir brotnar hvað varðar hættu á olíumengun og vatnsbólið sem vinnslan notar er algjörlega óvarið. Hvalur hf. fékk frest þar til 9. júní til að lagfæra þessi frávik en hefur m.v. umsókn félagsins ákveðið að lagfæra þetta ekki. Þannig eru matvælin sem Hvalur hf. framleiðir unninn á hátt sem samrýmist ekki reglum auk þess sem mengun frá þessari vinnslu hefur verið langt yfir leyfilegum mörkum og ekki er gerð tilraun til þess að takmarka hættu á	Búið er að gera úrbætur við vatnsból í samræmi við athugasemdir heilbrigðiseftirlitsins. Frestur hefur verið veittur til að vinna úrbætur á mengunarvörnum við olíutank, samanber dalk nr. 3 í framangreindri töflu. Um aðrar ráðstafanir vegna hugsanlegrar mengunar vísast til svara í framangreindri töflu, sjá t.d. dálka 2, 9, 10 og 20.

		<p>olíumengun á svæðinu, þrátt fyrir ábendingu eftirlitsyfirvalda þar um. Þess skal getið að olíumengun er gríðarlega alvarlegt umhverfisslys sem gæti haft mjög miklar og slæmar afleiðingar. Við höfum djúpar áhyggjur af yfirvofandi mengunarslysi í Hvalfirði og teljum ekki réttlæt看legt með neinu móti að taka þá áhættu að veita Hval hf. undanþágu. Við ætlumst til þess að eftirlitsstofnanir sinni sínu hlutverki af fagmennsku og veiti ekki fyrirtæki sem virðir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir ítrekað undanþágur. Við mótmælum harðlega! Stjórn SGÍ“</p>	
3	Elísa Snæbjörnsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
4	Valgerður Arnadóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
5	Aldís Amah Hamilton	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
6	Björk Guðmundsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
7	Ragnheiður Kristín	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
8	Stefán Yngvi Pétursson	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
9	Helga Óskarsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
10	Lena Hákonardóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
11	Jón Einar Björnsson	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
12	Sigrún Inga Hrólfsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
13	Indriði Ingi Stefánsson	Almennt orðuð mótmæli við hvalveiðum og útgáfu leyfisins.	Vísast til svars í dálki 1. Vísast einnig til svars Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í dálki nr. 3 í ofangreindri töflu.
14	James Thomas Merry	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
15	Kári Pétur Thayer	Umsagnaraðili gerir athugasemd við „það að Hvalur hf. fái endurnýjað starfsleyfi“. Hvar Hvalur hf. hafi „ekki bætt mengunarvarnir sínar þrátt fyrir árs langan frest og á [sic] ekki að fá lengri frest í ljósi alvarleika mengunarslyss“. Einnig er um að ræða almenn mótmæli við hvalveiðum.	Vísast til svars í dálki 1. Vísast einnig til svars heilbrigðiseftirlits í dálki nr. 3 í ofangreindri töflu.
16	Silja Glømmi	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
17	Guðrún Eva Mínervudóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
18	Gyða Valtýsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
19	Ragnheiður Pálsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
20	Michelle Page	Almenn mótmæli við hvalveiðum	Vísast til svars í dálki 1. Á ekki við um starfsleyfisútgáfu heilbrigðiseftirlits.
21	Lisa Mazzocchi	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
22	Jóga Gnarr	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
23	XR Reykjavík	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
24	Gunnar Örvarsson	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
25	Móheiður Guðmundsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
26	Jón Gunnar Kristinsson	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
27	Margrét Vilhjálmisdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
28	Irene Bernardi	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
29	Jonathan Rempel	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
31	Stella Antonogiannaki	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.
32	Oddný Eir Ævarsdóttir	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.

33	Lena Kristjánsdóttir	Lisbet	Almenn mótmæli við hvalveiðum	Vísast til svars í dálki 1. Á ekki við um starfsleyfisútgáfu Heilbrigðiseftirlits.
34	Friðrik Magnússon	Bjartur	Efnislega sömu athugasemdir og í nr. 2	Vísast til svars í dálki nr. 2.

### **Samantekt og niðurlag**

Með framangreindri umfjöllun hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands leitast við að koma á framfæri sínum helstu sjónarmiðum og röksemdum er varða þær athugasemdir sem bárust vegna endurnýjunar á starfsleyfi Hvals hf., til vinnslu hvalaafurða á Litla-Sandi. Líkt og svör Heilbrigðiseftirlitsins bera með sér hefur umsækjandi brugðist við athugasemdum sem Heilbrigðiseftirlitið hefur gert eða fengið frest til úrbóta innan tiltekins tíma.

Í ljósi framangreinds er ekkert því til fyrirstöðu að gefa út starfsleyfi.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri.